

Vegagerðin  
Bt. Sóleyjar Jónasdóttur  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

*Varðar undirbúning að vegagerð vestan Jökulsár á Fjöllum, "Dettifossvegur - Norðausturvegur-Hringvegur í Keldunes- og Skútustaðahreppi"*

Undirritaður hefur kynnt sér gögn vegagerðarinnar um Dettifossveg og einnig gengið um fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Á og við fyrirhugað vegstæði eru bæði falleg rofform og setmyndanir sem myndast hafa í stórhlaupum í Jökulsá á Fjöllum. Þessi hlaup eru stærstu hlaup sem orðið hafa á jörðinni eftir síðasta jökulskeið sem lauk fyrir 10.000 árum. Norðan Dettifoss er Jökulsá í gljúfrum og yfirleitt nokkur gróður í kringum ána. Sunnan við Dettifoss er áin á eyrum og gróður af skornum skammti meðfram áni. Umhverfið er því allt berangurslegra og rofform og setmyndanir augljósari. Gönguferðir meðfram áni eru því aðlaðandi kostur og gefur möguleika á tengingu upp í Herðubreiðalindir. Návist vegar nálægt áni raskar svæðinu og gerir það óaðlaðandi fyrir göngufólk. Vegur á fyrirhuguðu vegstæði væri því umhverfisslys því hann skemmir fyrir framtíðarmöguleikum á slíkri ferðamennsku. Farsælast er að halda veginum á núverandi vegstæði og yrði því ekki um jarðrask að ræða.

Jökulsá á Fjöllum er sú á Íslandi sem mest samstaða er um að vernda. Vatnajökull, Askja, Hvannalindir og Herðubreiðarlindir eru þegar verndaðar ásamt Jökulsárgljúfrum. Það er einungis tímaspursmál hvenær skrefið verður stigið til fulls og áin öll vernduð frá upptökum til ósa.

Ein af ástæðum þess að fyrirhugað vegstæði er staðsett nálægt áni er sú að stutt sé í námur. Við lauslega skoðun á þeim setbunkum sem eru meðfram áni virðist mér að í sumum tilfellum sé um að ræða jökulhlaupaset sem er að langmestu leiti sandur en inniheldur lítið af mól. Ég tel því óvíst að þarna sé í raun hentugt efni til vegagerðar.

Við fyrstu hentugleika hyggst ég skoða nánar námasvæði í tengslum við vegagerð innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum ásamt því að skoða hraun á fyrirhuguðu vegstæði, frekari athugasemda er því að vænta þegar snjóá leysir.

Óskar Knudsen  
Fannafold 122  
112 Reykjavík

Með fylgir viðauki um fyrirhugaðan veg frá Dettifossi suður að þjóðvegi 1

## Viðauki um fyrirhugaðan veg frá Dettifossi suður að Þjóðvegi 1

Hér að neðan eru rædd lauslega þau fyrirbæri sem eru á veglínunni, en það er þó skoðun undirritaðs að vernda beri umhverfi árinna sem heild og veglínan sjálf það sem ógnar svæðinu í heild sinni. Vitnað er til korta Vegagerðarinnar af svæðinu og fyrirhugaðra vega sem þar eru merktir með gulum og bláum línum.

Gulur 22000 til 20000

Í sjálfu sér ekkert að því að lagður verði nýr vegur frá núverandi vegi niður að Dettifossi.

Gulur 20200 til 16000

Mikill skaði væri ef lagður yrði vegur til suðurs frá bílastæðinu vestan við Dettifoss til mós við útsetta nýja veglínu. Vegurinn er alltof nálægt ánni og spillir útsýni austanfrá. Þetta svæði ætti eingöngu að vera göngusvæði.

Blár 19000 til 16500

Veglína fyrirhugaðs vegar ætti ekki að fara austur yfir Hraundal. Þar sem vegirnir (blár og gulur) mætast sunnan við Dettifoss eru setlög sem hafa myndast við stíflu í Jökulsá, trúlega þegar hún stíflaðist af sprungugosi sem þveraði ánnu. Setlögin hafa ekki verið rannsökuð til hlítar.

Á svæðinu frá áðurnefndum vegamótum (blár 16500) suður á Grjót er veglínan of nálægt Jökulsá. Þarna fer veglínan um gamlar setmyndanir úr jökulhlaupum Jökulár og eru þar merktar námur: A-2, A-4 og A-6 til 9. Þessar myndanir ætti að vernda þar sem ég tel að þær séu ummerki flóða. Óvíst er að þessar námur henti til vegagerðar. Námur A-3 og A-5 eru í farvegi árinna og eru heppilegri, enda lagar hún, að nokkru, með tímanum það sem raskað verður.

Skammt vestan við fyrirhugaða veglínu frá Dettifossi að Þjóðvegi 1 eru hraunmyndanir í Norðmelsgjá og því er ekki hentugt að flytja veginn vestur í gjána því fer best á því að veglínan verði þar sem hún er nú.

Óskar Knudsen  
Fannafold 122  
112 Reykjavík